



Borgarráð

Efni: Fjárheimildir fagsviða og miðlægrar stjórnáslu árið 2019 vegna samgöngusamninga

Vísað til fyrirspurnar, dags. 21. nóvember sl., frá áheyrnarfulltrúa Miðflokksins um fjárheimildir fagsviða og miðlægrar stjórnáslu vegna samgöngusamninga.

Fyrirspurnin er eftirfarandi:

„Á fundi borgarráðs hinn 15. nóvember voru sóttar fjárheimildir til hækkunar samgöngustyrkja upp á tæpar 90 milljónir. Hverjar eru fjárheimildir fagsviða og miðlægrar stjórnáslu á árinu 2019 vegna samgöngusamninga í heild með þessari hækkun? Hvað voru þessar upphæðir hárar árin 2018 og 2017 til samanburðar?“

Þær fjárheimildir sem samþykktar hafa verið í borgarráði/borgarstjórn vegna samgöngusamninga fagsviða og miðlægrar stjórnáslu á árunum 2017-2019 eru eftirfarandi:

Samgöngusamningar eru gerðir við þá starfsmenn sem eftir því óska og uppfylla það skilyrði að ferðast að jafnaði ekki með einkabíl til og frá vinnu heldur notast við vistvæna samgöngumáta, svo sem að ganga, hjóla eða með almenningssamgöngum. Fyrstu samningarnir tóku gildi þann 1. september 2017 og er því aðeins um kostnað að ræða fyrir síðustu fjóra mánuði þess árs. Fjárheimildir vegna samgöngusamninga voru á árunum 2017, 2018 og 2019 upprunalega vistaðar miðlægt á kostnaðarstað 09126 Launa- og starfsmannakostnaður og færðar til fagsviða í samræmi við notkun.

	2017	2018	2019
	sept - des		
ÍTR	1.356	5.140	4.738
MOF	1.379	4.751	5.257
SFS	41.926	132.925	133.296
USK ES		1.742	2.019
USK RK	1.476	4.059	4.037
VEL	7.008	27.500	28.868
SEA	561	168	84
RHS	1.592	5.247	5.172
Samtals	55.298	181.532	183.471

Halldóra Káradóttir
sviðsstjóri



Reykjavíkurborg
Fjármála- og áhættustýringarsvið

R19110211
Reykjavík, 2. janúar 2020